



Reykjavík 26. mars 2021

Niðurstaða athugunar á stafrænni tækniþróun (tilboði í ökutækjatrýggingar) hjá TM hf.

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (Fjármálaeftirlitið) hóf athugun á stafrænni tækniþróun hjá TM hf., sem afmörkuð var við vöruna „tilboð í ökutækjatrýggingar“ í september 2020. Niðurstaða lá fyrir í janúar 2021.

Markmið athugunarinnar var að kanna hvernig utanumhaldi félagsins um vöruna „tilboð í ökutækjatrýggingar“ væri háttað og hvernig gæði úttaksgagna væru tryggð öllum stundum. Athugunin var því tvískipt; annars vegar úttekt á kerfis- og líkana-áhættu vörunnar og hins vegar úttekt vegna háttsemisáhættu henni tengdri. Athugunin tók einnig til þess að skoða upplýsingagjöf um skilmála og váttryggingar til viðskiptamanna í svonefndu „TM appi“.

Athugunin fór fram með þeim hætti að Fjármálaeftirlitið aflaði upplýsinga og gagna um skjölun, áhættumöt, gæðaprófanir vöru, ferla og verklagsreglur, smíði og viðhald vörunnar auk upplýsinga um gæðaeftirlit með líkani og rekstri tiltekinna kerfa síðustu 12 mánuði áður en athugun hófst.

Með hliðsjón af þeim gögnum og upplýsingum sem aflað var við athugunina taldi Fjármálaeftirlitið ástæðu til þess að koma á framfæri athugasemdum og viðeigandi úrbótakröfum gagnvart TM hf. Annars vegar voru gerðar athugasemdir við að þáttum við eftirlit og meðhöndlun rekstraráhættu, sem til skoðunar voru, var ábótavant og voru þeir ekki í samræmi við 1. og 2. mgr. 39. og 44. gr. laga nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi og k-lið 1. mgr. 258. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2015/35, sbr. reglugerð nr. 940/2018 um gildistöku reglugerða Evrópusambandsins um váttryggingastarfsemi. Hins vegar voru gerðar athugasemdir við að ekki var til staðar skjalfest breytingaferli fyrir virðisgreiningarlíkan TM hf. í samræmi við 1. og 2. mgr. 39. gr. laga nr. 100/2016, sbr. lið 2.1 og 4 í leiðbeinandi tilmælum nr. 1/2019 vegna áhættu við rekstur upplýsingakerfa eftirlitsskyldra aðila.